



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri

---

**Efni:** *Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna um stöðu tillögu um hækkun viðmiðunarfjárhæðar sérstaks húsnæðisstuðnings*

Á fundi borgarráðs þann 15. september 2022 lagði áheyrnarfulltrúi Vinstri grænna fram svohljóðandi fyrirspurn um stöðu tillögu um hækkun viðmiðunarfjárhæðar sérstaks húsnæðisstuðnings:

*Spurt er um afdrif afgreiðslu tillögu Vinstri grænna og Sósíalístaflokks Íslands sem lögð var fram í borgarráði 7. júlí sl. og varðar hækkun viðmiðunarfjárhæðar um sérstakan húsnæðisstuðning. Hver vika sem líður án afgreiðslu þessarar tillögu verður til þess að margir af efnaminnstu íbúum Reykjavíkur verða fyrir óafturkræfum tekjuskerðingum. Það er réttlætismál að bæta úr þessu og samþykkja þá tillögu sem þegar hefur verið lögð fram. Þá er ljóst að í nýframsettu fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir enn auknum hækkunum á örorkulífeyri og því þarf borgin að bregðast tafarlaust við í samræmi við það.*

Fyrirspurninni var vísað til meðferðar velferðarráðs.

**Svar:**

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands og áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna var lögð fram á fundi velferðarráðs 5. október 2022, ásamt umsögn velferðarsviðs, sbr. 10. lið fundargerðar 436. fundar velferðarráðs. Tillögunni var vísað frá með sex atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Flokks fólksins gegn einu atkvæði fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúarnir leggja til að vísa þessari tillögu frá á grundvelli þess að hún er efnislega samhljóma þeirri tillögu sem var rædd hér á undan og samþykkt að vísa áfram til borgarráðs. Áréttað er þó að mikilvægt er að koma til móts við breytingar á reglugerð nr. 1200/2016 og breyta reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning á þann veg að fjárhæð tekjumarka samkvæmt 5. gr. reglnanna verði jafnframt hækkuð um 3% líkt og reglugerðin kveður á um.

Á sama fundi var samþykkt tillaga sviðsstjóra um hækkun tekjumarka sérstaks húsnæðisstuðnings, þar sem lagt var til að hækka frítekjumörk sérstaks húsnæðisstuðnings um 3%, afturvirkrt frá 1. júní 2022, til samræmis við breytingu á reglugerð nr. 1200/2016 um



Reykjavíkurborg

húsnæðisbætur. Allir þeir sem urðu fyrir tekjuskerðingu sem hefði ekki átt sér stað með hærri tekjumörkum munu fá leiðréttu greiðslu við uppgjör í október/nóvember 2022.

Fylgiskjal:

Tillaga sviðsstjóra um hækkun tekjumarka sérstaks húsnæðisstuðnings, lögð fram á fundi velferðarráðs 5. október 2022.